



## Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð 785/1998 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eiga eftirfarandi upplýsingar um starfsemina að koma fram:

Ábyrgðarmaður umsóknar	Helga Jóna Jónasdóttir
Sími ábyrgðarmanns	8424701
Netfang ábyrgðarmanns	helga@munck.is
Nafn fyrirtækis	Munck Íslandi ehf.
Kennitala fyrirtækis	7010130340
Starfsstöð fyrirtækis	Hlíðasmári 4
Póstnúmer og staður	201 Kópavogur
Sími fyrirtækis	5117040
Netfang fyrirtækis	munck@munck.is
Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar	Helga Jóna Jónasdóttir
Sími tengiliðs	8424701
Netfang tengiliðs	helga@munck.is

## Uppýsingar um atvinnurekstur

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

Umsókn um starfsleyfi fyrir færanlega malbikunarstöð

Munck Íslandi ehf. (kt. 701013-0340) sækir hér með um starfsleyfi fyrir færanlega malbikunarstöð í Kapelluhrauni í Hafnarfirði, n.t.t. að Álhelli 18.

Afrit af staðfestu deiliskipulagi fylgir umsókninni.

Álhella 18 er innan þýnningarsvæðis Álversins í Straumsvík. Lóðin er skilgreind sem iðnaðarlóð í flokki B3 sem innifelur m.a. malbikunarstöðvar. Staðhátum á vinnslustað er lýst í meðfylgjandi greinargerð um deiliskipulag 2. áfanga Kapelluhrauns.

Tegund og umfang atvinnurekstrar

Starfsemi snýr að framleiðslu á malbiki í færanlegri Benninghoven MBA 160 malbikunarstöð með

framleiðslugetuna allt að 160 t/klst af malbiki. Stöðin er sömu gerðar og minni malbikunarstöð

Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. að Sævarhöfða 6-10 í Reykjavík. Einnig er fyrirhugað að endurvinnna fræst malbik í stöðinni. Umsókninni fylgja teikningar og frekari upplýsingar um einstaka hluta stöðvarinnar. Að auki er um að ræða rekstur tilheyrandi hráefnageymslu, þ.e. efnishauga og smærri olíu- og biktanka, auk verkstæðis, starfsmanna-aðstöðu og annarrar þjónustu fyrir eigin starfsemi að Álhelli 18 í Hafnarfirði.

Uppdrættir af staðsetningu	Afstöðumyndir_dæmi.pdf
Afrit af staðfestu deiliskipulagi	Kapelluhraun_2-afangi_28082009.pdf
Lýsið staðhátum við vinnslustað (rekstrarsvæði)	Skilmalar_Kapelluhraun_2.afangi_05022009.pdf

Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna?

Efni og orka sem notuð eru til framleiðslunnar

Við framleiðslu á malbiki er notað bik (bitumen), steinefni, filler (sement) og amínefni til þess að auka viðloðun.

Orkan sem notuð er til framleiðslunnar er annars vegar gasolía til upphitunar, u.þ.b. 7 lítrar á hvert framleitt tonn malbiks, og hins vegar raforka í blöndunarferlinu, u.þ.b. 5 kWh á hvert framleitt tonn malbiks.

Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar?

Uppruni, eðli og magn fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg

Loftmengun:

Ryk, CO og NOx frá brennara við þurrkun og upphitun steinefna (u.þ.b. 15 g NOx og u.þ.b. 100 g CO pr. tonn malbiks).

Ryk frá meðhöndlun og flutningi steinefna innan lóðar.

Lykt af heitu biki og malbiki.

Lykt frá forbrennsluofni í rannsóknarstofu.

Hávaðamengun:

Hávaði frá hreyfanlegum hlutum malbikunarstöðvarinnar, ámokstursvélum og vörubílum.

Vatnmengun:

Ekkert affallsvatn kemur úr stöðinni sjálfri, eingöngu er um að ræða frárennsli frá starfsmanna-aðstöðu (eldhús, salerni, bað).

Regnvatn getur mengast af olíuleka.

Jarðvegsmengun:

Olíuleki (smurólía, eldsneyti, amínefni) getur mengað jarðveg.

Ísland skilar losun á eftirfarandi efnunum skv. CLRTAP og UNFCCC. Rekstraraðilar er falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skila gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda skv. lögum nr. 70/2012. Vinsamlegast tilgreinið þá losun í loft sem á sér stað í þeim einingum sem gefnar eru upp í skjalinu. Ef um er að ræða aðra losun er hér er talin upp má bæta við efnunum neðst í skjalið.

Fyllið út og skilið inn þessu skjali: Listi skil til althjodasamninga.xlsx

Losunartölur vegna alþjóðasamninga

## Áhrif á umhverfið

Hver eru áhrif losunar á umhverfið?

Áhrif losunar\_greinargerð.pdf

Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?

Mengunarvarnir sem viðhafðar eru til þess að draga úr losun út í umhverfið

Loftmengun:

Rykagnir í afgangi og reyk eru hreinsaðar í pokafilter. Í viðhengi er lýsing á DÍSA reykhreinsi-búnaðinum sem fylgir malbikunarstöðinni. Síupokarnir hreinsast kerfisbundið með titringi og loftblæstri. Rykinu er safnað í síló og það nýtt í framleiðsluferlinu.

Ryk frá meðhöndlun og flutningi efna innan svæðis er lágmarkað með vökvun akstursleiða í þurrviðri.

Yfirbreiðslur á vörubílspalla draga úr lykt af malbiki við flutninga.

Lykt frá forbrennsluofni í rannsóknarstofu er lágmarkuð með útblástursröri sem nær nægjanlegri hæð.

Hávaðamengun:

Með reglubundnu viðhaldi malbikunarstöðvarinnar er dregið úr hávaða í framleiðsluferlinu.

Dregið er úr hávaða frá ámokstursvélum og vörubílum með því að upplýsa og leiðbeina bílstjórum og vélamönnum.

Vatnsmengun:

Affallsvatn frá vistarverum er leitt í viðeigandi frárennslislagnir frá lóðinni.

Jarðvegsmengun:

Til þess að varna olíumengun er venjan að malbika svæðið umhverfis malbikunarstöðina. Uppsetning olíutanka tekur mið af gildandi reglum þar um. Leki heitt bik á jörðina er einfalt að ná því upp þegar það hefur kólnað og harðnað.

Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út Fylgst með losun\_greinargerð.pdf í umhverfið?

Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið

Eftirlit og aðgerðir til þess að fylgjast með losun út í umhverfið

Fylgst er með gasinnihaldi reyks úr þurrktromlu/brennara. Venjan er að framkvæma árlegar mælingar á afganginu eða í samræmi við reglur þar að lútandi. Með reglubundnu viðhaldi er reynt að koma í veg fyrir ófullnægjandi bruna og efnainnihald.

Vikulega er fylgst er með ástandi pokafilters í reykhreinsibúnaði og kannað hvort vísbendingar um ryk sé að finna í hreina hluta búnaðarins. Komi fram skemmdir á pokunum sjást þær strax sem óhreinindi í reyknum sem kemur frá hreinsibúnaðinum. Þá er skemmdum pokum skipt út.

Annað

Munck Íslandi ehf. er í eigu danska verktakafyrirtækisins Munck Gruppen. Uppsetning og -rekstur malbikunarstöðvarinnar verða unnin í nánú samstarfi við Munck Asphalt, sem einnig er aðili að Munck Gruppen og er einn stærsti malbikunarverktaki í Danmörku. Munck Asphalt hefur víðtæka reynslu af rekstri malbikunarstöðva, m.a. þeirrar sem hér um ræðir. Munck Asphalt þekkir því vel þær kröfur sem gerðar eru til rekstraraðila malbikunarstöðva í Evrópu. Í viðhengi má sjá dæmi um Grænt bókhald (Miljøredegørelse 2016) frá Munck Asphalt.

Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs

Meðferð úrgangs og ráðstafanir til þess að draga úr úrgangslosun

Málmar, pappír og pappi eru flokkaðir og skilað til endurvinnslu í samræmi við gildandi reglur þar um.

Olíuúrgangur (hættulegur úrgangur) er sendur til förgunar í samræmi við gildandi reglur.

Afgangs steinefnablöndur eru endurnýttar í framleiðsluferlinu.

Endurvinnsla malbiks í stöðinni yrdi með þeim hætti að köldu, fræstu malbiki er blandað við heita malbiksblöndu í blandaranum (allt að 30%). Þessi aðferð hefur engin áhrif á mengun frá stöðinni.

Lýsið tegund og magn úrgangs sem fellur til við framleiðsluna

Tegund og magn úrgangs í tengslum við starfsemina

Málmar, u.þ.b. 5-20 tonn á ári, pappír og pappi, u.þ.b. 1 tonn á ári, hættulegur úrgangur (olíuúrgangur), innan við 0,5 tonn á ári.

Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að draga Aðferðirnar munu ekki valda mengun annarsstaðar. úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar

Munu losunarþættir viðkomandi reksturs hafa í för með Losunarþættir rekstursins munu ekki hafa í för með sér sammögnunaráhrif? sér sammögnunaráhrif?

## Annað

Sýniseintök af áætlunum til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar; (Sýniseintak)  
Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar (Sýniseintak)

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem Á ekki við.  
fram koma í umsókninni.

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri

Unnið er að gerð lóðarleigusamnings vegna Áhelli 18.

Áætlanir um tímabundna og/eða varanlega rekstrarstöðvun verða sendar inn síðar.

Einfalt er að slökkva á stöðinni og fjarlægja hana (enda um færanlega stöð að ræða) komi til tímabundinnar eða varanlegrar rekstrarstöðvunar.

Í áskilin fylgiskjöl hér að neðan sem ekki eiga við um þessa starfsemi er sett sýniseintak af áætlun vegna rekstrarstöðvunar til þess að hægt sé að skila umsókninni inn :).

Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar1.pdf

Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar1.pdf

Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja:

Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar1.pdf  
lög nr. 33/2004

Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar1.pdf

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar1.pdf

Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati)

Viðbótargögn Miljøredegðrelse 2016.pdf

Viðbótargögn 3.0 DÍSA\_reykhreinsibúnaður.pdf